



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

# Stytttri námsbraut í MS

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



**Skýrsla um þróunarverkefni  
Skólaárið 2013-2014  
Menntaskólinn við Sund  
Hjördís Þorgeirsdóttir**

## Efnisyfirlit

Forsagan .....	3
1. Markmið .....	3
2. Leiðir til að ná markmiðum .....	4
3. Frávik og hindranir miðað við áætlun verkefnis.....	4
4. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið .....	4
5. Niðurstöður og mat á verkefninu .....	5
7. Kynning.....	7
Lokaorð.....	8
Heimildir .....	9
Viðauki 1: Drög að áfangalýsingu fyrir grunnáfanga í íslensku.....	10
Viðauki 2: Drög að áfangalýsingu fyrir grunnáfanga í ensku .....	11
Viðauki 3: Drög að áfangalýsingu fyrir grunnáfanga í stærðfræði .....	12
Viðauki 4: Drög að áfangalýsingu fyrir grunnáfanga í lífsleikni .....	13

## Forsagan

Menntaskólinn við Sund hefur eingöngu boðið upp á nám til stúdentsprófs hingað til og nú er boðið upp á nám á félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut til stúdentsprófs. Samkvæmt skólasamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2013-2016 við Menntaskólann við Sund verður breyting á námsframboði í nýrri skólanámskrá MS frá hausti 2015. Þá verða núgildandi námsbrautir lagðar niður og boðið upp á tvær nýjar námsbrautir til stúdentsprófs, samfélagsbraut og náttúrubraut og einnig verður boðið upp á nám á styttri námsbraut til framhaldsskólaprófs fyrir nemendur sem ekki uppfylla skilyrði inn á stúdentsnámsbrautir (*Skólasamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Menntaskólann við Sund 2013-2016*, 2013, bls.10). Þróunarverkefnið um styttri námsbraut var sett af stað til að auðvelda okkur að ná ofangreindu markmiði skólasamningsins um að stofna styttri námsbraut við MS.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur nú aukna áherslu á að finna leiðir til að minnka brotthvarf úr framhaldsskóla og hækka hlutfall nemenda sem lýkur prófi úr framhaldsskóla en árið 2012 höfðu 20% 18-24 ára ungmenna á Íslandi hvorki lokið prófi úr framhaldsskóla né voru þau skráð í skóla það ár (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls.21). Ein leið til að minnka brotthvarf er einmitt að fjölga nemendum sem ljúka skilgreindum námslokum á styttri námsbrautum.

### 1. Markmið

Helstu markmið verkefnisins um styttri námsbraut við MS samkvæmt umsókn um þróunarstyrkinn til Sprotasjóðs voru eftirfarandi:

- Mótun tveggja ára styttri námsbrautar.
- Mótun áfangalýsinga fyrir sérhæfða áfanga styttri námsbrautar.
- Áhersla á að tengja lokamarkmið, brautalýsingu og innihald áfanga hennar vel við grunnþætti menntunar, níu svið lykilhæfni og áhersluþætti nýrrar skólanámskrár MS um menningu, sögu og náttúrulæsi.
- Áhersla á að sérstaða brautarinnar verði persónubundið og óhefðbundið nám byggt á sjálfsefningu, fjölgreind, útikennslu, friðarfræðslu, margmiðlun og sköpun.
- Opin leið verði af styttri námsbraut til frekara náms.

## 2. Leiðir til að ná markmiðum

Ráðinn var verkefnisstjóri Einar Rafn Þórhallsson, framhaldsskólakennari við MS, til að móta styttri námsbrautina. Hann vann með stýrihópi um námskrárvinnu í MS sem í eru Már Vilhjálmsson, rektor, Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor, Sigurrós Erlingsdóttir, kennslustjóri, Halla Kjartansdóttir sviðstjóri hugvísindasviðs og Þorbjörn Guðjónsson, sviðstjóri náttúruvísindasviðs.

Einar Rafn Þórhallsson hefur víðtæka reynslu úr félagsstarfi, listastarfi og að vinna með ungu fólki á ýmsum vettvangi. Hann hefur lokið BA námi í tómstunda- og félagsmálafræðum ásamt Med gráðu í sama fagi. Hann er einnig með kennsluréttindi með áherslu á lífsleikni. Við MS hefur hann kennt lífsleikni, félagsfræði, viðburðastjórnun, jóga og tölvutónlist.

## 3. Frávik og hindranir miðað við áætlun verkefnis

Vinnan gekk nokkuð vel við að móta almenna lýsingu á styttri námsbrautinni og drög að áfangalýsingum í grunngreinum liggja fyrir en ekki er búið að semja áfangalýsingar fyrir sérhæfða áfanga brautarinnar og eftir er að kynna brautarlýsinguna fyrir starfsmönnum MS. Hugmyndin var að vinna þetta allt á þessu skólaári en kjaradeilur og verkfall félagsmanna FF og FS setti strik í reikninginn og skapaði mikið álag og einnig hafði skipting starfseminnar í þrjú hús vegna byggingaframkvæmda áhrif. Vegna kjaradeilna félagsmanna FF við ríkið neituðu kennarar MS að vinna að gerð nýrra áfangalýsinga fyrir skólanámskrá MS á síðasta skólaári sem hafði neikvæð áhrif á framgang þessa verkefnis.

## 4. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Þróunarverkefnið skilaði okkur nær því markmiði að auka og breikka námsframboð MS og gera okkur kleift að bjóða upp á nám á styttri námsbraut til framhaldsskólaprófs haustið 2015 því nú liggur fyrir tillaga að markmiðum og uppbyggingu styttri námsbrautar til framhaldsskólaprófs við MS. Þróunarverkefnið kallaði einnig á umræður um tengsl grunnþátta, lykilhæfni og áhersluþætti skólanámskrár MS sem var gagnlegt fyrir verkefnisstjórn um námskrárvinnu MS.

## 5. Niðurstöður og mat á verkefninu

Við mótun styttri námsbrautar MS er gengið út frá því að þetta verði tveggja ára námsbraut, með 90 - 120 einingum til framhaldsskólaprófs (*Skólasamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Menntaskólann við Sund 2013-2016*, 2013; Már Vilhjálmsson, 2011). Áhersla er lögð á að nemendur ljúki framhaldsskólaprófi en bjóðist einnig að halda áfram námi á stúdentsbrautum í MS að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Einar Rafn Þórhallsson, verkefnisstjóri styttri námsbrautar telur mikilvægt að MS byggi á reynslu annarra framhaldsskóla af rekstri styttri námsbrauta en skapi sér einnig sérstöðu með því að nýta styrkleika MS og skapa eitthvað nýtt, "eitthvað sem gæti vakið áhuga hjá nemendum fyrir námi almennt" (Einar Rafn Þórhallsson, 2014a, bls. 10). Hugmyndin er að á styttri námsbrautinni verði lögð áhersla á einstaklingsbundna þjónustu og að halda sérstaklega vel utan um nemendur með það að markmiði að þeir haldi áfram námi þegar þeir hafa lokið námi á styttri námsbrautinni. Markmiðið er að byggja brautina á fjórum stoðum þ.e. hugmyndum um reynslunám, útinám, óformlegt nám og sjálfstyrkingu nemenda í gegnum jóga og markmiðssetningu (Einar Rafn Þórhallsson, 2013).

Mjög mikilvægt er að hafa námsmarkmið raunhæf og leggja áherslu á að vinna með nemendum sjálfum að því að gera námið virkt og merkingarbært fyrir þau. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess mikla brotthvarfs sem hefur verið á almennum brautum í framhaldsskólum en 70% þeirra sem innritast á almennar brautir höfðu ekki lokið námi 6 árum síðar en árið 2007 innrituðust 27% nemenda úr 10. bekk grunnskóla á almennar námsbrautir framhaldsskólans (*Mennta- og menningarmálaráðuneytið*, 2014, bls. 19).

Einar Rafn Þórhallsson telur ofangreindar fjórar stoðir mikilvægar til að gera námið virkt og merkingarbært fyrir nemendur og vísar í því sambandi m.a. til hugmynda John Dewey um reynslunám, hugmynda Jakobs Frímans Þorsteinssonar um útinám (2012) og hugmynda Csiszentmihalyi um hugarástand sem nefnt er flæði (Einar Rafn Þórhallsson, 2013, 2014a).

Eftirfarandi eru drög að lokamarkmiðum náms á styttri námsbraut:

- Að gera nemendur hæfa og veita þeim grunn í kjarnagreinum til að stunda nám á framhaldsskólabraut.
- Að efla nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum sem og námstækni.

- Auka þekkingu nemenda á íslensku atvinnulífi og færni til að koma sér á vinnumarkaðinn.
- Að nemendur hafi kynnst listnámi og öðru námi innan framhaldsskólakerfisins.
- Að nemendur hafi öðlast skýra framtíðarsýn og hafi hugmynd um hvert þeir vilji stefna.
- Að nemendur hafi sjálfstraust og öryggi til að rækta hæfileika sína og koma hugmyndum sínum á framfæri á lýsðræðislegum grunni.

(Einar Rafn Þórhallsson, 2014a, bls. 10-11)

Á fundi verkefnisstjórnar þann 20. febrúar 2014 voru dregnar upp útlínur fyrir uppbyggingu styttri námsbrautarinnar þ.e. 10 fein í íslensku, 10 fein í ensku, 5 fein í stærðfræði, 10 fein í lífsleikni, 25 fein í listgreinar, 5 fein í umhverfisfræði, 10 fein í félagsfræði, 10 fein í umsjón, og að lokum íþróttir (Sigurrós Erlingsdóttir, 2014). Einar Rafn Þórhallsson, verkefnisstjórinn um styttri námsbraut MS útfærði þessa grunnhugmynd á eftirfarandi hátt og bætti við upplýsingatækni, sjá mynd 1.

Grein	Fein	Námar	Hæfniprep
Íslenska	10	Lögð áhersla á tjáningu og læsi	1. og 2. Prep
Enska	10	Lögð áhersla á hagnýta ensku sem nýtist jafnt til vinnu og frekara bóknáms	1. og 2. Prep
Stærðfræði	5	Fornám	1. og 2. Prep
Lífsleikni/ Lífsfærni	10	Sjálfsþing, markmiðssetning, fjármálalæsi og fl.	1. og 2. Prep
Listgreinar	25	Myndlist, margmiðlun, leiklist, hönnun, tónlist og kvikmyndir. Nemendur fá innsýn inn í helstu listgreinar.	1. og 2. Prep
Umhverfisfræði	5		1. og 2. Prep
Félagsfræði	10	Lögð áhersla á vinnumarkað og að skerpa framtíðarsýn nemenda.	1. og 2. Prep
Upplýsingatækni	5-10	Læra á helstu þætti tölvunotkunar sem nýtast í náminu jafnt sem atvinnulífi.	1. og 2. Prep
Íþróttir	10		1. og 2. Prep

(Einar Rafn Þórhallsson, 2014b, bls. 17)

### Mynd 1: Tillaga verkefnisstjóra að uppbyggingu styttri námsbrautar við MS

Í grunngreinum verður byrjað á námi í hægferðaráföngum til að treysta námsgrunn nemenda og auka sjálfstraust þeirra í náminu. Sjá í viðaukum sýnishorn af drögum að áfangalýsingum í nýrri skólanámskrá MS þar sem áhersla er lögð á þekkingu-, leikni- og hæfnimarkmið og áherslupætti nýrrar skólanámskrár MS, menningu, sögu og náttúrulæsi. Sjá drög að áfangalýsingu í íslensku í viðauka 1, drög að áfangalýsingu í ensku í viðauka 2, drög að áfangalýsingu í stærðfræði í viðauka 3 og drög að áfangalýsingu í lífsleikni í viðauka 4. Það á eftir að semja áfangalýsingar fyrir áfanga sem eru sérhæfðir fyrir styttri námsbrautina og einnig á eftir að semja áfangalýsingar í listgreinum fyrir nýja skólanámskrá MS.

Grunnpættir menntunar og lykilhæfni er grunnurinn sem styttri námsbrautin er byggð á en samt er það svo að ákveðnar námsgreinar leggja meiri áherslu á tiltekna grunnþætti menntunar frekar en aðrar námsgreinar samanber eftirfarandi yfirlit frá Einari Rafni Þórhallssyni, verkefnisstjóra styttri námsbrautar MS.

1. Jafnrétti verður haft að leiðarljósi í öllum námsgreinum. Sérstaklega verður jafnrétti tekið fyrir í greinum eins og lífsleikni og félagsfræði.
2. Skapandi starf verður einnig leiðarljós í öllum námsgreinum en ein aðal sérstaða brautarinnar er listgreinar og því verður lögð mikil áhersla á skapandi starf.
3. Menntun til sjálfbærni verður í forgrunni í umhverfisfræðum og lífsleikni.
4. Læsi í víðum skilningi verður tekið fyrir í íslensku og ensku sérstaklega.
5. Heilbrigði og velferð verður tekið fyrir í lífsleikni og félagsfræði sem og öðrum greinum.
6. Lýðræði og mannréttindi verða sérstaklega til umfjöllunar í lífsleikni og félagsfræði sem og öðrum greinum  
(Einar Rafn Þórhallsson, 2014b, bls. 15)

## 7. Kynning

Kynning á styttri námsbraut MS er fyrirhuguð á starfsmannafundi MS haustið 2014. Þegar brautalýsing verður fullmótuð í lok haustannar 2014 þá verður námsbautalýsingin og tilheyrandi áfangalýsingar settar inn í námskrárvef mennta- og menningarmálaráðuneytisins og óskað eftir samþykki fyrir brautinni frá ráðuneytinu. Síðan verður styttri brautin kynnt á heimasíðu MS og í sérstökum kynningarbæklingi fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla sem hyggjast hefja nám í framhaldsskóla haustið 2015. Einnig verður lögð áhersla á að kynna styttri námsbrautina samhliða kynningu á stúdentsnámsbrautum MS á kynningarfundum fyrir grunnskólanemendur og forráðamenn þeirra á vorönn 2015.

## Lokaorð

Mótun nýrrar styttri námsbrautar í MS er langt komin og er markmiðið að byggja hana á sérstöðu MS og leggja áherslu á virkt og merkingarbært nám nemenda. Drög að lokamarkmiðum og drög að uppbyggingu námsbrautarinnar liggja nú fyrir og voru kynnt hér að framan. Næstu skref eru annars vegar að kynna hugmyndina fyrir starfsfólki MS og vinna með þær ábendingar sem þá koma fram og hins vegar að semja sérhæfðar áfangalýsingar fyrir námsbrautina. Menntaskólinn við Sund þakkar Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins kærlega fyrir þróunarstyrkinn um styttri námsbraut í MS sem veitti okkur bæði fjárhagslegan stuðning og faglega hvatningu.

Reykjavík, 30. júní 2014

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor

Már Vilhjálmsson, rektor



## Heimildir

Einar Rafn Þórhallsson (2013). Styttri námsbraut. Hugmyndavinna. Óbirt skýrsla. Menntaskólinn við Sund.

Einar Rafn Þórhallsson (2014a). Menntaskólinn við Sund. Styttri námsbraut - Lokamarkmið. Hugmyndavinna. Óbirt skýrsla. Menntaskólinn við Sund.

Einar Rafn Þórhallsson, E. R. (2014b). Styttri námsbraut Menntaskólans við Sund. Námsbrautarlýsing. Óbirt skýrsla. Menntaskólinn við Sund.

Jakob Frímann Þorsteinsson (2012). *Að leika, læra og þroskast úti*. Reykjavík: Áskorun ehf.

Már Vilhjálmsson (2011). Námskrárvinnan. Þriggja ára plan. Menntaskólinn við Sund.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt 26.6.2014 frá <http://www.menntamalaraduneyti.is/>.

Sigurros Erlingsdóttir (2014). Fundargerð sviðstjórafundar 20. febrúar 2014. Menntaskólinn við Sund.

*Skólasamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Menntaskólann við Sund 2013-2016* (2013). Sótt 26. 6. 2014 frá <http://www.msund.is/page.asp?id=2565&x=>.

## Viðauki 1: Drög að áfangalýsingu fyrir grunnáfangi í íslensku

### **Framhaldsskóli**

Menntaskólinn við Sund

### **Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfangi**

ÍSL2A05H / Læsi og ritun út frá nútímabókmenntum

### **Undanfari:**

Enginn

### **Lýsing á efni áfangans og námsform:**

Í þessum byrjunaráfangi eru rífaðir upp orðflokkar, setningafræði og réttiritun. Auk þess fá nemendur þjálfun í notkun bókmenntahugtaka og lesa a.m.k. eina nútímaskáldsögu. Einnig er lögð áhersla á þjálfun nemenda í margvíslegri textagerð og skapandi skrifum.

#### **Nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar á**

- orðflokkum, setningafræði og réttiritun
- a.m.k. einni nútímaskáldsögu
- grunnhugtökum í bókmenntafræði
- bókmenntatextum sem tengjast m.a. menningu, sögu og náttúrulæsi

#### **Nemandi hafi öðlast leikni í að**

- lesa sér til gagns og gamans, með auknum leskraða og lesskilningi
- skipta texta í málsgreinar, efnisgreinar og kafla
- skrifa margvíslega texta, svo sem fréttir, viðtöl, útdrætti og örsögur
- temja sér vönduð vinnubrögð við ritsmíðar
- nota viðeigandi hjálpargögn við ritsmíðar

#### **Nemandi hafi öðlast hæfni til að**

- fjalla um og túlka a.m.k. eina nútímaskáldsögu og tengja við eigin reynsluheim
- beita grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um skáldsögur
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið

## Viðauki 2: Drög að áfangalýsingu fyrir grunnáfangi í ensku

### **Framhaldsskóli**

Menntaskólinn við Sund

### **Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfangi**

ENS1B05H / Hagnýt grunnhæfni í ensku

### **Undanfari:**

Enginn

### **Lýsing á efni áfangans og námsform:**

Almennir textar við hæfi nemenda, valdir með tilliti til menningar, sögu og náttúrulæsis, eru lesnir, greindir og ræddir vandlega með aðstoð kennara.

#### **Nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar á**

- enskri sagnbeygingu
- menningu landa þar sem enska er móðurmál
- muninum á talmáli og ritmáli
- óbeinni ræðu

#### **Nemandi hafi öðlast leikni í að**

- skilja skýrt talað mál um kunnugleg efni
- lesa ólíka texta og túlka þá og skýra eftir því sem efni standa til
- taka þátt í samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á
- beita málvenjum, kurteisi og hljómfalli við hæfi
- segja frá á skýran, áheyrilegan og myndrænan hátt

#### **Nemandi hafi öðlast hæfni til að**

- greina aðalatriði í erindum og frásögnum í fjölmiðlum
- afla upplýsinga og hagnýta þær í námi
- skilja helstu atriðin í blaðagreinum og draga ályktanir af þeim
- lesa og túlka skáldverk sér til yndis og aukinnar víðsýni

## Viðauki 3: Drög að áfangalýsingu fyrir grunnáfangi í stærðfræði

### **Framhaldsskóli**

Menntaskólinn við Sund

### **Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfangi**

STÆ1F05H / Rauntalnareikningur, algebra, hlutföll og hnitakerfi

### **Undanfari**

Enginn

### **Lýsing á efni áfangans og námsform**

Kynning á rauntölum og algebra.

#### **Nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar á**

- talnareikningi, forgangsroð aðgerða, notkun sviga og jafnaðarmerkis
- algebra (bókstafareikningi); notkun tákna sem staðgengla talna
- veldareglum og vaxtareikningi
- metrakerfinu
- hagnýtingu framangreindrar stærðfræði á öðrum sviðum

#### **Nemandi hafi öðlast leikni í að**

- beita táknmáli stærðfræðinnar s.s. jafnaðarmerki og sviga
- forgangsraða aðgerðum og túlka þær í mæltu máli
- meðhöndla brot og reikna út prósentu, hlutfall og vexti
- vinna með einfaldar jöfnur og metrakerfið
- vinna með færslur og einslöggun einfaldra mynda, stækkun og smækkun
- hagnýta framangreinda stærðfræði á öðrum sviðum

#### **Nemandi hafi öðlast hæfni til að**

- setja sig inn í og túlka útskýringar og röksemdir annarra af virðingu og umburðarlyndi án fordóma
- skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk í mæltu máli myndrænt eða með hjálpartækjum
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna
- greina og hagnýta upplýsingar á sviði stærðfræði á fyrsta þrepi sem birtast m.a. í fjölmiðlum, hvort sem þær eru settar fram í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau
- skilja röksemdir í mæltu máli og í texta og beita einföldum röksemdum
- meta hvort upplýsingar eru réttar og/eða áreiðanlegar

## Viðauki 4: Drög að áfangalýsingu fyrir grunnáfanga í lífsleikni

### **Framhaldsskóli**

Menntaskólinn við Sund

### **Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga**

LKN1A05B / Líf og starf

### **Undanfari:**

Enginn

### **Lýsing á efni áfangans og námsform:**

Markmið áfangans eru að nemendur öðlist leikni í samskiptum, framkomu og gagnrýninnihugsun, verði sér meðvitaðir um eigin lífsstíl og ábyrgð, rækti með sér sköpunargáfu og fái innsýn í list- og menningarviðburði líðandi stundar. Nemendur fá þjálfun í að ræða siðferðileg álitamál er stuðla að aukinni meðvitund um skyldur þeirra og réttindi í samfélaginu og um fordóma og áhrif þeirra. Þá munu nemendur kynnst umhverfisvernd og mikilvægi hennar í alþjóðlegu samhengi.

#### **Nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar á**

- eðli skoðana, staðreynda og ályktana og grunnþáttum í framsögn
- ólíkum samskiptaformum og hvernig þau birtast við mismunandi félagslegar aðstæður
- helstu hugtökum er tengjast tilfinningum, einkennum streitu og aðgerðum til að vinna gegn henni
- helstu hugtökum er tengjast sjálfsrýni og sjálfsmynd einstaklinga og hópa
- helstu námsaðferðum og aðferðum til að skipuleggja tíma sinn í námi og starfi
- helstu réttindum, skyldum og samábyrgð borgara gagnvart lýðræði, jafnrétti og sjálfbærni
- helstu kenningum siðfræðinnar, siðviti og fordómum
- helstu hugtökum er tengjast fjármálum og skipulagningu þeirra
- starfsemi stéttarféлага og réttindi og skyldur í starfi
- sjálfbærri þróun og félagslegri velferð og jöfnuði
- áhrifum auglýsinga, markaðsvæðingar og sjónrænna miðla
- lögum um neytendamál og alþjóðlegum stöðlum er stuðla að sanngjörnum viðskiptum
- gildi menningar og lista fyrir einstaklinga og samfélag

#### **Nemandi hafi öðlast leikni í að**

- undirbúa og flytja mál sitt út frá handriti, minnispunktum eða blaðalaust og færa rök fyrir skoðunum sínum
- beita aðferðum sem líklegar eru til að leysa úr ágreiningi og bæta samskipti
- þekkja eigin tilfinningar og annarra og nýta sér leiðir sem fyrirbyggja og vinna gegn streitu
- nýta sér viðurkennd sjálfsmatspróf og meta áhuga- og hæfnisvið sín á raunhæfan hátt
- afla upplýsinga, greina þær og miðla og beita árangursríkum aðferðum við skipulag náms
- greina aðstæður í samfélaginu þar sem álitamál um lýðræði, jafnrétti og sjálfbærni birtast
- meta eigið siðferði og annarra út frá ólíkum siðferðiskenningum til að styrkja eigið siðvit
- skipuleggja og taka ábyrgð á eigin fjármálum
- semja atvinnuumsókn og ferilskrá og sýna stundvísi og vinnusemi
- umgangast náttúruauðlindir á sjálfbæran og ábyrgan hátt
- meta sannleiksgildi auglýsinga og horfa gagnrýnið á þær
- skilgreina og meta áhrif sinna eigin neyslunna á markaðinn, samfélagið og náttúruna
- sækja menningarviðburði

#### **Nemandi hafi öðlast hæfni til að**

- fjalla munnlega af nokkru öryggi um afmarkað málefni

- tjá tilfinningar sínar og skoðanir og hlusta á aðra sýna í verki góða samskiptahæfni og vera fær um árangursríka samvinnu í hópastarfi
- hafa stjórn á tilfinningum sínum í samskiptum við fólk
- bregðast við eigin áföllum og geta sýnt öðrum skilning og stuðning
- meta sínar sterku og veiku hliðar og setja sér raunhæf markmið
- nýta upplýsingar á heiðarlegan hátt, skipuleggja nám sitt og nýta sér þær námsaðferðir sem best henta hverju sinni
- meta kosti og galla ýmissa þátta í samfélaginu er snúa að jafnrétti, umhverfismálum og hagsmunum heildarinnar
- meta siðferðileg álitamál og vinna markvisst gegn fordómum
- setja sér raunhæf fjárhagsleg markmið og vera læs á sín fjármál
- setja sér raunhæf og ábyrg framtíðarmarkmið í námi og starfi
- meta sína daglegu neyslu og hagræða henni þannig að ekki verður gengið á hringrás lífsins
- taka gagnrýna afstöðu til auglýsinga og hegða sér sem ábyrgur neytandi
- meðvitaður og ábyrgur neytandi
- njóta menningar- og listviðburða